



Mýrdalshreppur

Alþingi
Erindi nr. P 135/1274
komudagur 29.1.2008

**Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**

431-III-1 Umsögn um leikskólalög.docx

Vík, 25. janúar 2008.

Umsögn um frumvarp til leikskólalaga, mál nr. 287.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps er í meginatriðum sátt við framlagt frumvarp til laga um leikskóla en telur að nokkur atriði þurfi að skoða nánar.


Í 11. gr. frumvarpsins er kveðið á um stofnun foreldraráða við leikskóla. Athygli vekur að í frumvarpi til grunnskólalaga er ekki lengur gert ráð fyrir foreldraráðum heldur tekur skólaráð við hlutverki þess. Sveitarstjórn telur að betur fari að hafa samræmi milli skólastiga þannig að við leikskóla verði einnig skipað skólaráð á svipaðan hátt og við grunnskóla.

Í 12. gr. fjallað um húsnæði og fjölda barna í leikskóla. Sveitarstjórn telur jákvætt að fallið hefur verið frá „barngildisútreikningum“. Gerðar eru nýjar kröfur um rými fyrir sérþjónustu og gerir sveitarstjórn fyrirvara hugsanlegan kostnaðarauka, sérstaklega þar sem leikskóli er rekinn í eldra húsnæði.

Í 17.-20. gr. er kveðið á um mat og eftirlit með gæðum leikskólastarfs. Sveitarstjórn bendir á að þetta sé væntanlega til kostnaðarauka fyrir sveitarfélög og taka verði tillit til þess.

Í 21.-23. gr. er fjallað um skipulag og framkvæmd sérfræðipjónustu og eru ákvæðin umtalsvert ítarlegri en ákvæði gildandi laga og líkleg til að verða kostnaðarlega íþyngjandi.

Í 28. gr. er kveðið á um samrekstur skóla og m.a. opnað á að sveitarfélög reki í einni stofnun, og undir stjórn eins skólastjóra, leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla. Sveitarstjórn fagnar þessu ákvæði en minnir á að samræmi þarf að vera milli 28. og 5. gr. leikskólafrumvarps, 7. gr. grunnskólafrumvarps sem og 10. og 13. gr. frumvarps um menntun og ráðningu kennara og skólastjórna.

Virðingarfyllst

Sveinn Pálsson
sveitarstjóri